

7. fundur

var haldinn í húsi Fjölbrautaskólans 17. desember 1976 og hófst kl. 17¹⁰. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Jón Hólmgerisson, Ingvar Jóhannsson, Guðrún Sigurðardóttir, Eggert Ólafsson, - skólameistari og yfirkennari.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari upplýsti að Baldur Hafstað hafi verið settur kennari við skólann.
2. Skólameistari upplýsti að skipting kostnaðar við akstur skólabíla skiptist þannig að hlutur Fjölbrautaskólans teldist 70%, en 30% ættu að falla á sveitarfélögin vegna flutninga til og frá Gagnfræðaskóla Keflavíkur.
3. Rætt var um hugsanlegar fjáröflunarleiðir til skólabyggingar.
4. Rædd var hugmyndin um makaskipti Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Gagnfræðaskóla Keflavíkur. - Í vetur leigir Gagnfræðaskólinn Fjölbrautaskólanum húsnæði. Hæpið virðist að unnt reynist að reisa skólahús fyrir Fjölbrautaskólann á lóðinni sem honum var ætluð vegna þrengsla sem verða þegar íþróttahúsið rís. En fyrir liggja þessar staðreyndir: Samkvæmt grunnskólalögunum telst Gagnfræðaskólinn í Keflavík nú hluti Grunnskóla Keflavíkur. Skólahúsið virðist of stórt fyrir þá starfsemi sem þar var fyrirhuguð vegna þess að 4. bekkur leggst niður, menntadeild og aðrar framhaldsdeildir hverfa inn í Fjölbrautaskólann og ekki koma lengur nemendur frá öðrum sveitarfélögum til náms í efstu bekkjum Grunnskóla Keflavíkur.
Því hefur sú hugmynd fram komið að hugsanlegt sé að skólastofnanirnar hefðu skipti á skólabyggingum.
Nefndin samþykkti að taka málið til frekari athugunar.

5. Heimsóknir.

Guðmundur Sveinsson skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Kristján Bessi Ólafsson, skólameistari Flensborgarskóla hafa komið í heimsókn og skoðað skólann. Ákveðið var að framvegis yrðu fastir fundir skólameistara fjölbrautaskóla fyrsta mánudag í hverjum mánuði og haldnir kl. 16⁰⁰ í skólunum á víxl.

Heimsókn Guðmundar og Kristjáns Bessa var 13. desember. Taldist fundurinn þann dag fyrsti skólameistarafundur af þessu tagi. Næsti fundur verður í Flensborgarskóla 3. janúar, en 3. fundur í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 7. febrúar 1977.

6. Skólameistari tilkynnti að allir skólastjórar í Vestmannaeyjum kæmu í heimsókn innan tíðar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Böðvarsson

fundarritari.